

Mun eflaust glæða umræðuna

Ég fagna leiðara formanns LÍ í síðasta Læknablaði sem innleggi í umræðu um samskipti lækna og lyfjafyrirtækja og tel að umræðan sé læknum og lyfjafyrirtækjum holl og eigi helst stöðugt að vera í gangi. Ég tel að samskipti lækna og lyfjafyrirtækja séu báðum aðilum nauðsynleg en þurfi að vera gegnsæ og lúta ákveðnum siða- og samskiptareglum enda hagsmunaárekstrar mögulegir eins og reyndar víðar í þjóðfélaginu.

Meðal annars vegna þessara mögulegu hagsmunaárekstra hafa læknar siðareglur og einnig hafa læknafélögin í gegnum tíðina lagt mikla vinnu í að móta og semja reglur um samskipti lækna við lyfjafyrirtæki. Þessar reglur eru í fullu gildi og læknum ber að sjálfsgöðu að fylgja þeim enda trúverðugleiki og fagmennska lækna í húfi. Það er óhjákvæmilegt að sum samskipti lækna og lyfjafyrirtækja geti orkað tvímælis og meðal annars þess vegna er umræðan nauðsynleg. Hugsanlega þurfa læknar að endurskoða reglur sínar í samskiptum við lyfjafyrirtæki í ljósi nýrra hugmynda

lækna sem endurspeglar það þjóðfélag sem þeir lifa og starfa í. Læknafélögin hafa reyndar gert ráð fyrir endurskoðun á samningum og reglum um þessi mál. Innan heimilislæknahópsins hefur lengi verið umræða um samskipti við lyfjafyrirtæki, meðal annars um það hvernig og hversu mikið þau komi að endurmenntun og símenntun heimilislækna. Ég geri ráð fyrir að umræðan glæðist með innleggi formannsins og hún sýni hversu nauðsynlegt það er að halda á lofti fagmennsku lækna, meðal annars í samskiptum lækna við lyfjafyrirtæki.



Elínborg Bårdardóttir

formaður Félags íslenskra heimilislækna



Fjárstuðningur verði óskilyrtur og opinber

Á að afnema með öllu stuðning lyfjafyrirtækja við fræðslu- og vísindastarfsemi lækna? Svar mitt við þessari spurningu er NEI. Sú blómlega fræðslustarfsemi sem rekin hefur verið hérlandis undanfarin ár væri ekki svipur hjá sjón án góðs samstarfs og stuðnings lyfjafyrirtækja. Ég tel jafnframt að þó finna megi of mörg dæmi þess að samskipti lækna og lyfjafyrirtækja hafi farið yfir ásættanleg mörk þá standi læknar yfirleitt heiðarlega að og noti eigin dómgreind í ákvarðanatöku um lyfjaávisanir.

Hafandi lýst yfir stuðningi mínum við áframhaldandi samvinnu lækna og lyfjafyrirtækja í símenntunarmálum lækna tel ég engu að síður að endurskoða þurfi leikreglur þessara samskipta. Samskiptin eiga að vera gegnsæ og það á að skína í gegn að tilgangurinn helgist fyrst og fremst af þeim ásetningi að gefa læknum kost á hlutlausri umfjöllun um viðfangsefni læknisfræðinnar. Ég er þeirrar skoðunar að afnema eigi fræðslufundi sem eru haldnir á vegum lyfjafyrirtækja, afnema eigi boð um ferðalög innanlands og utan á fræðslufundi og gjafir til lækna frá lyfjafyrirtækjum ættu að heyra fortíðinni til.

Í stuttu máli tel ég að draga eigi úr eða jafnvel afnema einstaklingsmiðaða þátttöku lyfjafyrirtækja í fræðslustarfi fyrir lækna en beina stuðningnum til þeirra hópa eða samtaka lækna sem sjá um framkvæmd og fjármögnun fræðslustarfseminnar. Slíkur fjárstuðningur á að vera óskilyrtur og ekki háður því að fjallað verði sérstaklega um þau lyf sem viðkomandi fyrirtæki hefur hagsmuni af. Stuðningurinn yrði formlegur og opinber og byggðist á ásetningi beggja aðila að miðla sem réttastri og bestri fræðslu til lækna. Hag lækna og lyfjafyrirtækja til lengri tíma hlýtur að vera best borgið þegar kaupendur læknisþjónustunnar og lyfjanna, það er sjúklingarnir, eru ánægðir.

Eftir sem áður eiga lyfjafyrirtækin rétt á og ber jafnvel skylda til að upplýsa lækna um framleiðslulyf sín. Ég sé ekkert athugasvert við að slík upplýsingagjöf fari fram með samræðum, póstsendingum eða á lyfjabásnum fræðsluþinga, þar sem auðvelt er að skilja á milli lyfjaauglýsinga og óhlutrægrar fræðslustarfsemi.

Arnór Víkingsson

formaður Fræðslustofnunar lækna